

9.2.2023

Strenglagnir 2023 – Almenn verktilhögun

Þessi texti er samantekt á ýmsu sem RARIK vill vekja athygli á hvað varðar almenna verktilhögun. Sambærilegur texti í verðfyrirspurn er þó sá texti sem gildir ef að það skyldu vera frávík.

- a) Gerður verður verksamningur um hvert einstakt verk, sjá meðfylgjandi fylgiskjal Verksamningur sýnishorn.
- b) Almenn eru verkefni í útboðinu unnin á tímabilinu maí til september. Verktími eða verktímabil er skilgreint frekar rúmt, þannig að ekki er gert ráð fyrir að verkið spanni allan þann tíma sem tilgreindur er í hverju verki. Samningsaðilar munu koma sér saman um nánari verktíma sem skilgreindur er endanlega í verksamningi hvers verks.
- c) Daglegur vinnutími er frá 8:10 til 18:30 virka daga (Eftirlitsmaður RARIK til/frá útgerðarstað). Hægt er að semja um aðra vinnutilhögun í undantekningartilvikum vegna sérstakra aðstæðna.
- d) Eftirlitsmaður RARIK og verktaki/fulltrúi verktaka undirrita dagseðla í lok vinnudags, þar sem fram koma þær einingar sem unnar hafa verið þann daginn. Einnig er hægt að skrá athugasemdir á dagseðla.
- e) Eftirlitsmaður RARIK skal ávallt vera viðstaddur meðan verktaki plægir eða leggur niður strengi í skurði. Sama á við um þegar skipt er um jarðveg fyrir spennistöðvar og þjappað undir.
- f) Verktaki getur fleygað og grafið skurði sem búið er að hæla og setja út í samráði við eftirlitsmann RARIK án þess að eftirlitsmaður RARIK sé á staðnum og þannig lengt vinnutíma sinn.
- g) Óski verktaki eftir að nota undirverktaka er það háð samþykki RARIK.
- h) RARIK hefur áhuga á því að skjalfesta verkið, m.a. með því að taka ljós- og hreyfimyndir á verkstað sem kunna að vera notaðar til kynningar á starfsemi fyrirtækisins. Farið verður yfir fyrirkomulag slíkrar myndatöku á startfundi til að tryggja rétt allra aðila.
- i) Starfsmenn verktaka sem vinna verkin skulu sitja öryggisnámskeið (1 klst á teams) á vegum RARIK. RARIK gerir ekki ráð fyrir að greiða verktaka fyrir að starfsmenn hans sitji námskeið en þetta er krafa sem RARIK mun gera í auknum mæli til sinna verktaka og nýtist því í fleiri verkefnum. Námskeiðið gildir í þrjú ár.

- j) Öryggistjóri RARIK eða fulltrúi hans geta mætt á verkstað og útfært öryggisúttekt án þess að það sé tilkynnt fyrirfram.

Verktaki þarf að skila uppfærðum tækja- og mannaflalista með tilboði. RARIK áskilur sér rétt á að hafna tilboði, ef listi uppfyllir ekki skilyrði RARIK